

Til nefndasviðs Alþingis

Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þingskjal 183-114. mál (umskurn drengja)

Háttvirtir alþingsmenn!

Ég vil mælast til þess að þetta frumvarp verði fellt í því formi sem það er nú. Til vara legg ég til breytingar sem koma hér að neðan.

Ég er heimilislæknir og sem fagmaður og faðir er ég í öngum mínum vegna þessa frumvarps. Er hræddur um að samfélag okkar breytst til hins verra í harðræðisátt nái það fram að ganga. Ekki er allt fyrirséð en þó má sjá eitthvað fyrir og bendi ég á 3. atriði.

1.

Í starfi mínu sé ég marga umskorna sem óumskorna karlmenn og reyndin er sú að fáir eða engir kvarta yfir umskurn sinni.

Það er staðreynd að menn koma ekki með vandamál eða kvartanir til lækna vegna umskurnar sem framkvæmd var skömmu eftir fæðingu, hvorki varðandi kynlíf, sjúkdóma í getnaðarlim, hersli, fjölda sýkinga eða annað. Þvert á móti er umskurður talinn hafa visst gildi til fækkunar sýkinga og hugsanlega fækkunar á leghálskrabbameini hjá konum þeirra manna sem eru umskornir.

2.

Sömuleiðis eru nánast óþekktar lögsóknir eða bitrar ákærur um limlestingu eða óafturkræft tjón frá hendi fullorðinna karlmanna í garð foreldra sinna sem hafa látið umskera þá eftir fæðingu. Því er erfitt eða ógerningur að dæma þetta sem limlestingu eða ofbeldisverk. Öðru vísi er farið um aðgerðir á stúlkum.

3.

Bann við umskurn á hinn bóginn hefði mjög alvarlegar afleiðingar sem eru ekki í neinu samræmi við slímhúðar-aðgerð.

Segjum að drengur hafi hlotið umskurn skömmu eftir fæðingu. Þegar hann vex upp yrði að fela umskurn hans til að forðast afskipti löggjafans. Myndi slíkt barn þora að vera á leikskóla, og væri ekki áhætta að fara í leikfimi eða sund? Barnið ætti sífellt á hættu að foreldrar hans verði sóttir til saka og fengju fangelsisdóm. Af þeim orsökum yrðu þeir sneyddir foreldrahlutverki sínu í mörg ár og teldust brotafólk.

Ég vil því leggja til breytingar á frumvarpinu.

a. Að það verði fellt og nái ekki fram að ganga.

b. Til vara að það sé heimilt að umskera drengi á fyrstu 2 mánuðum eftir fæðingu, en þá er af ýmsum ástæðum hentugast að gera aðgerðina.

c. Til vara að heilmilt verði að gera aðgerðina með því að sýna fram á að aðgerðin teljist nauðsynleg með framvísun læknisvottorðs.

Reykjavík 28 febrúar 2018.

Guðmundur Pálsson læknir, sérfræðingur í heimilislækningum. (nr 0114)